

**Stuðboltarnir**  
**1. fundur**  
**Nemendafulltrúaráð 2. – 3. bekkja**  
**Fundur 4. október 2018**

1. Helga Fríður Garðarsdóttir bauð Stuðbolta velkomna á þennan fyrsta fund stuðbolta og ræddi við þá um hlutverk þeirra sem stuðboltar. Áður en farið var af stað í að ræða fundarefni fórum við í hrósleik þar sem allir áttu að segja eitthvað jákvætt um þann sem sat þeim á vinstri hönd.

2. Hrós. Hvernig lætur það okkur líða? Bæði þeim sem hrósa og einnig þeim sem hrósið fær? Kunnum við einhverja hrósleiki? Hvernig getum við meðvitað aukið það að hrósa hverju öðru, án þess þó að það verið vélrænt eða ósannfærandi?

Eftirfarandi hugmyndir og umræður komu fram:

- Að halda hrósdag í Hópsskóla þar sem við veitum því sérstaklega vel athygli ef einhver gerir vel og segjum það við hann.
- Vera tilbúin að hugga og hrósa þeim sem líður ekki vel.
- Alltaf að reyna að hjálpa og segja eitthvað fallett við þann sem hefur orðið fyrir stríðni.
- Hafa annað slagið hrósleiki inn í bekkjunum.

3. Tungumálið okkar íslenska. Tungumálið okkar hefur sérstöðu því einungis 310.000 af heiminum tala hana. Erum við kannski að tapa tungumálinu okkar eins og við þekktum það? Er okkur alveg sama? Getum við eitthvað gert? Hvað með áhrif frá youtube, tölvunotkun o.fl.?

Eftirfarandi hugmyndir og umræður komu fram:

- Gera meira úr degi íslenskrar tungu.
- Banna að tala ensku á degi íslenskrar tungu.
- Ekki nota enska orðið fokk heldur segja andskotinn.
- Nota ekki orðið skin (í tölvuleiknum Fortnite) heldur segja húð eða ný föt.
- Minna hvort annað á að sletta ekki svona oft enskum orðum.

4. Önnur mál sem rædd voru um bættan skólabrag:

- Fá fleiri tölvur í Hópsskóla
- Fá fleiri ípata og fleiri ípattíma
- Hafa oftari tacco í matinn
- Hafa aðgang að fleiri fótboltum
- Fá skólaliða til að hjálpa til að fá fleiri krakka í körfubolta á körfuboltavellinum, hann stendur of mikið auður.
- Fá fleiri körfubolta

- Alltof sleipt gúmmíð á körfuboltavellinum þegar rignir
- Fá aðra körfu á móti hinni hjá sparkvellingnum
- Stærri fótboltavöll
- Finna ástæður til að nota tréfallinn meira
- Taka hjólabrettarampana og setja aparólu í staðinn

Fleira ekki gert, fundi slitið

Helga Fríður Garðarsdóttir